

Deildarnámskrá Álfadeild 2019-2020

Á Álfadeild eru 22 börn, 9 börn fædd árið 2014, 8 börn fædd árið 2015 og 5 börn fædd árið 2016. Kynjaskiptingin er eftirfarandi: á deildinni eru 14 stúlkur og 8 strákar. Starfsmenn eru fjórir, einn þeirra er stuðningur við deild og skipta tveir með sér 100% stöðu.

Dagurinn á Álfadeild hefst á frjálsum leik og flæðandi morgunmat til klukkan 9 rúmlega. Á mánudögum er til skiptis áframhaldandi frjáls leikur á deildinni og íþróttir í Síðuskóla. Á föstudögum er ávallt frjáls leikur á deildinni fram að útiveru. Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga þá fara börnin í hópavinnu með sínum kennara. Börnin eru í umsjón kennarans fram að samverustund sem hefst klukkan 11. Innan hópatíma er kennurum frjálst að vinna eins og þeim hentar t.d. að fara í ferðir eða á útisvæði. Kennarnir skiptast á að nýta sér svæði deildar og við nýtum salinn og listaland með öðrum deildum. Við eigum salinn þriðju hverju viku og einnig Listaland. Að hópavinnu lokinni fara börnin í samveru, eldri börnin fara með kennara niður í Listaland en yngri börnin eru uppi á deild inni í innra herbergi. Samveran er í höndum þess kennara sem sér um hana, þó er lögð áhersla á að vinna meðal annars með: málproska, rím, hrynjanda, lestur og söng. Klukkan 11:30 er hádegismatur og að honum loknum tekur við slökun til klukkan 11:30. Við tekur frjáls leikur fram að seinni samveru sem hefst klukkan 14 sem er með sama sniði og fyrri. Þá er komið að síðdegishressingu en að henni lokinni tekur við útivera sem er fram að lokun skólans.

Lífsleikni mun sem áður verða rauður þráður í öllu starfinu. Í vetur leggjum við áherslu á þrjár dygðir, HÓFSEMI SAMKENND, VIRÐING.

SMT-skólafærni er á sínum stað. Kennarar notast við SMT-orðræðuna í leik og starfi með börnunum. Lagðar eru inn allar 8 reglur skólans. Við byrjum á að leggja inn yfirreglur fyrir áramót og svo hinar á vorönn. Öll börnin á Álfa- og Dvergadeild safna saman SMT-Brosum á spjald á ganginum og þarf að fylla það í 6 skipti til að við höldum Sólargleði. En það kallast umbunin hjá okkur í skólanum.

Hópar og Hugarró

Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga fara börnin í hópavinnu. Börnunum er skipt í þrjá hópa og á hver hópur sinn umsjónarkennara. Umsjónarkennarar á eldri deildum hafa kost á því að vinna saman í teymi með árganga. Misjafnt er hvaða áherslur eru í hópavinnu eftir aldri

barnanna í hópnum en meðal annars er unnið með eftirfarandi: Samskipti og félagsfærni, málrækt og dygðir. Inn í þetta starf fléttast svo allir grunnþættir menntunar þ.e. sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning, læsi og samskipti og heilbrigði og vellíðan.

Ýmis kennslugögn eru notuð í þessari hópavinnu okkar: bókin Lubbi finnur málbein, bókin Trommur og töfrateppið, ýmis spil, kennsluefnið Sögugrunnur, ýmis verkefni úr sérkennsluherberginu, tilbúin fínhyfiverkefni, leir, púsluspil, pinnar, ýmsar gerðir af kubbum og perlur og margt fleira. Einnig notum við margmiðlunarefni eins og OSMO og Kubbinn sem er forritanlegur. Inn í þetta er svo Lífsleikniefnið okkar fléttað saman við. Aðeins er misjafnt hvernig umsjónarkennarar vinna að Hugarró í hópastarfinu en þó á hver stund að hefjast með einhvers konar slökun eða öndun. Einnig munum við leggja áherslu á tilfinningavinnu í vetur. Frjáls leikur fær sinn stað í hópavinnunni því í honum verður mikill þroski og lærdómur hjá börnum og best er að æfa samskipti í gegnum leik. Eins og fram kom áður hafa kennarar frjálsar hendur með það hvort og hvenær þeir fara út með hópinn sinn fyrir hádegi á þessum dögum.

Snillingastarf

Starfið með elstu börnunum er nefnt Snillingastarf. Þennan vetur eru Snillingarnir 17 og tveir kennarar voru með hópinn ásamt sérkennslustjóra sem verður sem stuðningur. Snillingastarf er alla morgna sem hópavinna er í skipulagi.

Við erum í samstarfi við nokkra aðila s.s.; dvalarheimilið Lögmanshlíð, Síðuskóla og Slökkviliðið. Börnin vinna margskonar verkefni sem reyna á úthald, einbeitingu, rökhugsun og fínhyfingar. Notast verður við ýmis kennslutæki s.s. Osmó spjaldtölvuleiki, Kubbinn sem er forritunarleikur, ljósaborðið notað, lubbakennsluefnið, Numicon ofl. Farið verður svo í útskriftarferð að vori.